

Miðvikudaginn 13. desember 1967.

Nr. 116/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sæmundi Jóhannssyni

(Birgir Ísleifur Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun ákæru.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Rannsókn máls þessa í héraði hófst í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 11. janúar 1967. Voru þá lögð fram tvö kærubréf Seðlabanka Íslands, bæði dagsett 14. desember 1966, ásamt ljósriti 34 tékkávisana á hlaupareikninga nr. 2 og 68 í Búnaðarbanka Íslands, samtals að fjárhæð kr. 304.135.97, er ákærði hafði gefið út og notað í lögskiptum, en innstæðulausar höfðu reynzt við framvísun þeirra. Fyrir dóm í þinghaldi þessu kom einungis ákærði, sem yfirheyrður var lauslega um sakarefni almennt og litillega inntur eftir atvikum í sambandi við útgáfu og notkun þriggja umræddra ávisana. Hinn 19. janúar 1967 kom ákærði öðru sinni fyrir dóm, og var þá fram haldið prófun hans, að því er varðaði hverja einstaka ávísun. Hinn 23. febrúar 1967 var enn þingað í málinu, og kom þá fyrir dóminn Guðmundur Ingvar Ágústsson, er ákærði hafði selt ávísun að fjárhæð kr. 1.000.00, og hafði Guðmundur Ingvar uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða. Annað gerðist ekki í því þinghaldi. Loks kom ákærði fyrir sakadóm 7. marz 1967, og var honum þá birt erindi Sementsverksmiðju ríkisins 23. febrúar 1967 varðandi ávísun, er verksmiðjan hafði tekið við sem greiðslu og talin var meðal ávisana þeirra, er kæra Seðlabankans tók til. Lýsti ákærði því í þinghaldi þessu, að hann hefði „greitt flesta

tékkana til Seðlabankans og til framseljenda, en þó séu eftir tékkar, sennilega að fjárhæð kr. 80.000.00—90.000.00“. Eigi var ákærði eftir því inntur, hvaða ávísanir hér væri um að tefla. Að svo komnu sendi héraðsdómari málið hinn 6. apríl 1967 saksóknara ríkisins, sem hinn 10. apríl 1967 gaf út ákæru á hendur ákærða, án þess að nokkur frekari rannsókn en að framan greinir hefði fram farið. Sama dag sendi saksóknari ríkisins ákærana héraðsdómara og krafðist þess, að lokið yrði rannsókn málsins, sem síðan yrði tekið „til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru“. Héraðsdómari þingaði því næst í málinu 3. maí 1967. Kom ákærði þá fyrir dóm og skýrði frá atvikum í sambandi við notkun fjögurra ávísana. Var málið ekki rannsakað nánar, áður en héraðsdómur var upp kveðinn 8. júní 1967. Eftir að málinu var áfrýjað, hefur framhaldsrannsókn verið háð, eins og áður greinir, að tilhlutan saksóknara ríkisins. Enn skortir þó á, að rannsókn málsins sé fullkomin, enda hafa eigi verið fengnar skýrslur allra viðtakenda ávísananna. Hins vegar hefur framhaldsrannsóknin leitt í ljós atvik, sem mikilvæga þýðingu hafa um sakaratriði.

II.

Í lögum um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, 115. gr., 1. mgr., segir svo:

„Er dómari telur rannsókn lokið, sendir hann saksóknara eftirrit af öllu því, sem í henni er fram komið, til ákvörðunar um það, hvað gera skuli. Þegar er saksóknari hefur fengið rannsókn máls í hendur, athugar hann, hvort semja skuli ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum. Ef honum virðist það, sem fram er komið með framhaldsrannsókn eða án hennar, nægilegt eða líklegt til sakfellis, semur hann ákæru, en annars kostar lætur hann við svo búið standa“.

Ákvæði þessi eru sett til að tryggja frá upphafi, eftir því sem kostur er, réttan grundvöll saksóknar og dóma í opinberum refsimálum.

Er héraðsdómari sendi mál þetta saksóknara ríkisins hinn 6. apríl 1967, var rannsókn þess svo skammt á veg komin,

eins og áður er lýst, að fráleitt var að telja henni lokið. Samkvæmt greindu lagaboði átti saksóknari því að hlutast til um fullkomna rannsókn málsins og taka síðan, er sú rannsókn lá fyrir, ákvörðun um saksókn og kröfur sínar í málinu í stað þess að gefa þegar út ákæru. Þar sem ákæra saksóknara er þannig reist á rannsókn, sem fullnægði ekki, eins og á stóð, skilyrðum laga til saksóknar, verður ákæran eigi lögð til grundvallar dómi um efni máls. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða, Birgis Ísleifs Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 20.000.00.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 8. júní 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 8. júní, var á dómþingi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háð var í skrifstofu embættisins af fulltrúa sýslumanns, Sigurði Halli Stefánssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 144/1967: Ákærvaldið gegn Sæmundi Jóhannssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 31. maí s.l., er með ákæru, dags. 10. apríl 1967, höfðað gegn Sæmundi Jóhannssyni múrara-meistara, Lækjarfit 5, Garðahreppi, „fyrir tékkasvik með því að gefa út á árinu 1966 á hlaupareikninga nr. 68 og nr. 2 í Búnaðarbanka Íslands eftirtalda tékka, alla til handhafa, nema þar sem annars verður getið, og nota þá í viðskiptum, án þess að innstæða væri fyrir þeim, svo sem rakið verður.

A.

Tékki á hlaupareikning nr. 68.

1. V. Nr. 63621, kr. 58.061.00, til Gjaldheimtunnar í Reykjavík,

dagsettur 24. júní. Greiðsla til Gjaldheimtunnar á sköttum starfsmanna ákærða.

B.

Tékkar á hlaupareikning nr. 2.

1. A. Nr. 5433, kr. 4.522.00, til Smára Halldórssonar, dagsettur 7. október. Greiðsla vinnulauna til Smára Halldórssonar.
2. A. Nr. 6057, kr. 15.000.00, til Stefáns Jónssonar, dagsettur 21. október. Greiðsla vinnulauna til Stefáns Jónssonar.
3. A. Nr. 6060, kr. 4.000.00, dagsettur 21. október. Greiðsla vinnulauna til Magnúsar Hannessonar.
4. A. Nr. 6064, kr. 3.611.00, dagsettur 21. október. Greiðsla vinnulauna.
5. A. Nr. 6072, kr. 300.00, dagsettur 24. október. Greiðsla fyrir vörur, keyptar í Gleri & Listum, Reykjavík.
6. A. Nr. 6075, kr. 6.140.00, dagsettur 24. október. Óvíst um notkun.
7. A. Nr. 6530, kr. 6.000.00, dagsettur 24. október. Greiðsla vinnulauna.
8. A. Nr. 6534, kr. 1.000.00, dagsettur 26. október. Greiðsla fyrir benzín o. fl.
9. A. Nr. 6536, kr. 500.00, dagsettur 26. október. Greiðsla fyrir benzín.
10. A. Nr. 6540, kr. 470.00, dagsettur 28. október. Greiðsla fyrir vörur.
11. A. Nr. 6541, kr. 50.000.00, dagsettur 28. október. Greiðsla fyrir timbur.
12. A. Nr. 6542, kr. 500.00, dagsettur 28. október. Greiðsla fyrir benzín.
13. A. Nr. 6544, kr. 12.135.00, dagsettur 28. október. Greiðsla vinnulauna til Arnórs Hannessonar.
14. A. Nr. 6549, kr. 500.00, dagsettur 29. október. Óvíst um notkun.
15. A. Nr. 6550, kr. 1.000.00, dagsettur 29. október. Greiðsla vinnulauna til Guðmundar Bjarnasonar.
16. A. Nr. 6551, kr. 500.00, dagsettur 29. október. Greiðsla fyrir benzín.
17. A. Nr. 6552, kr. 1.000.00, dagsettur 29. október. Greiðsla fyrir áfengi.
18. A. Nr. 6553, kr. 1.000.00, dagsettur 29. október. Greiðsla fyrir veitingar á Hótel Borg.

19. A. Nr. 6554, kr. 1.000.00, dagsettur 29. október. Greiðsla fyrir veitingar á Hótel Sögu.

20. A. Nr. 6555, kr. 1.000.00, dagsettur 29. október. Greiðsla fyrir veitingar á Hótel Sögu.

21. A. Nr. 6556, kr. 3.000.00, dagsettur 30. október. Greiðsla vinnulauna til Helga Vilhjálmssonar.

22. A. Nr. 6557, kr. 40.000.00, til Guðbjartar Guðmundssonar, dagsettur 30. október. Greiðsla til verktaka vegna vinnulauna.

23. A. Nr. 6559, kr. 1.016.10, dagsettur 31. október. Greiðsla fyrir byggingavörur.

24. A. Nr. 6560, kr. 3.098.87, til Múrarameistarafélags Reykjavíkur. Greiðsla gjalda til félagsins.

25. A. Nr. 6562, kr. 540.00, dagsettur 31. október. Óvíst um notkun.

26. A. Nr. 6563, kr. 1.260.00, dagsettur 31. október. Greiðsla til Magnúsar Magnússonar fyrir trésmíðavinnu.

27. A. Nr. 6564, kr. 1.380.00, dagsettur 31. október. Greiðsla til Baldurs Baldurssonar fyrir vinnu við trésmíðar.

28. A. Nr. 6565, kr. 40.570.00, til Verksmiðju Reykdals, dagsettur 8. nóvember. Greiðsla til verksmiðjunnar fyrir keypta glugga.

29. A. Nr. 6566, kr. 35.000.00, til Goða h/f, dagsettur 1. nóvember. Greiðsla fyrir steinsteypu.

30. A. Nr. 6567, kr. 1.352.00, dagsettur 2. nóvember. Greiðsla fyrir steinolíu.

31. A. Nr. 6568, kr. 2.500.00, dagsettur 2. nóvember. Óvíst um notkun.

32. A. Nr. 6569, kr. 1.480.00, til Sementsverksmiðju ríkisins, dagsettur 2. nóvember. Greiðsla fyrir sement.

33. A. Nr. 6572, kr. 4.700.00, til Sandsölunnar við Elliðavog, dagsettur 17. nóvember. Greiðsla fyrir sand.

Verknaðir þeir, sem taldir eru í B: 5, 8—12, 16—20, 23, 28, 30 og 32, þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verknaðir þeir, sem taldir eru í B: 1—4, 6, 7, 13—15, 21, 24—27 og 31, þykja varða við 261. gr. sömu laga, og verknaðir þeir, sem aldir eru í A: 1 og B: 22, 29 og 33, þykja aðallega varða við nefnda 248. gr., en til vara við nefnda 261. gr.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu sakarkostnaðar“.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 4. nóvember 1924 að Kleif í Árskógshreppi, og hefur áður sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1958 23/7 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. áfengisлага.
- 1959 6/7 á Siglufirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1963 19/11 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1966 10/8 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá uppkvaðningu dóms þessa.
- 1966 30/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 37. gr., 5. mgr. 45. gr., 50. gr., sbr. 40. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Ákærði hafði á árinu 1966 hlaupareikninga nr. 2 og 68 í Búnaðarbanka Íslands. Er upplýst, að á því ári gaf hann út 33 tékka á fyrrnefndan reikning og 1 tékka á hinn síðarnefnda, án þess að innstæða reyndist fyrir þeim. Ákærði notaði alla þessa tékka í lögskiptum, og er að öllu leyti rétt greint frá fjárhæðum tékkanna og viðtakendum í ákæruskjali. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna, og er hér á eftir fylgt sömu númeraröð og í ákæru:

A. 1. Með tékka þessum greiddi ákærði Gjaldheimtunni í Reykjavík skatta starfsmanna sinna. Hann kvaðst við yfirheyrslu hér fyrir dómi ekki hafa átt innstæðu fyrir tékkanum, en áreiðanlega beðið viðtakanda hans að geyma hann um tíma. Tékkinn er dagsettur 24. júní, en sýndur til greiðslu í Búnaðarbankanum hinn 14. júlí 1966.

B. 1. Með tékka þessum greiddi ákærði Smára Halldórssyni vinnulaun. Kvað hann innstæðu hafa verið fyrir tékkanum við útgáfu hans og afhendingu.

B. 2. Með tékka þessum greiddi ákærði Stefáni Jónssyni vinnulaun.

B. 3. Með tékka þessum greiddi ákærði Magnúsi Hannessyni vinnulaun. Hann kvaðst hafa átt innstæðu fyrir tékkanum við afhendingu hans.

B. 4. Með þessum tékka greiddi ákærði vinnulaun.

B. 5. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir varning, sem hann keypti í Gleri og Listum, Reykjavík.

B. 6. Ekki er vitað, hvernig ákærði notaði þennan tékka, en hann kvaðst ekki muna það. Ljóst er þó, að ákærði hefur notað hann í einhvers konar lögskiptum.

B. 7. Með tékka þessum greiddi ákærði Magnúsi Hannessyni laun. Kvaðst hann hafa átt innstæðu fyrir tékkanum við útgáfu hans og afhendingu.

B. 8. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir benzín og fleiri vörur.

B. 9. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir benzín.

B. 10. Fyrir þennan tékka keypti ákærði varning. Á bakhlið tékkans er stimplað nafn verzlunarinnar Heimakjör.

B. 11. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir timbur, sem hann keypti af Hermanní Helgasyni.

B. 12. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir benzín.

B. 13. Með tékka þessum greiddi ákærði Arnóri Hannessyni laun. Kvaðst hann hafa átt innstæðu fyrir tékkanum við útgáfu hans.

B. 14. Ekki er vitað, hvernig ákærði notaði þennan tékka, en hann kvaðst ekki muna það. Hann kvaðst þess þó fullviss, að han hefði vitað, að innstæðu skorti fyrir tékkanum, en ekki sagt viðtakandanum frá því.

B. 15. Með þessum tékka greiddi ákærði Guðmundi Bjarnasyni vinnulaun.

B. 16. Með þessum tékka greiddi ákærði fyrir benzín. Hann kvaðst hafa vitað, að innstæðu skorti fyrir honum, en ekki sagt viðtakanda tékkans frá því.

B. 17. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir áfengi, sem hann keypti í Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Hann kvaðst hafa vitað, að innstæðu skorti fyrir tékkanum, en ekki sagt viðtakanda hans frá því.

B. 18. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir veitingar á Hótel Borg. Hann kvaðst hafa vitað, að innstæðu skorti fyrir tékkanum, en ekki skýrt viðtakanda hans frá því.

B. 19 og B. 20. Með tékkum þessum greiddi ákærði fyrir veitingar á Hótel Sögu. Hann kvaðst hafa vitað, að innstæðu skorti fyrir tékkunum, en ekki skýrt viðtakendum þeirra frá því.

B. 21. Með tékka þessum greiddi ákærði laun nema síns, Helga Vilhjálmssonar. Hann kvaðst hafa afhent konu hans tékkann, en ekki sagt henni, að innstæðu skorti fyrir honum, þótt hann vissi, að svo væri.

B. 22. Með tékka þessum greiddi ákærði verktakanum Guðbirni Guðmundssyni vegna vinnulauna. Hann kvaðst hafa verið kominn í töluvert mikil vanskil við Guðbjörn, er hann greiddi honum með tékkanum. Kvaðst hann hafa sagt honum, að inn-

stæðu skorti, og beðið hann að geyma tékkann nokkurn tíma, sennilega í um það bil viku. Útgáfudagur tékkans er 30. október, en sýningardagur í greiðslubankanum 7. nóvember.

B. 23. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir byggingavörur.

B. 24. Með tékka þessum greiddi ákærði gjöld til Múrara-meistarafélags Reykjavíkur, og kvaðst hann áreiðanlega, ef innstæðu skorti fyrir tékkanum, hafa sagt formanni félagsins frá því.

B. 25. Ekki er vitað, hvernig ákærði notaði þennan tékka. Kveðst hann ekki muna það, en þó kvaðst hann ekki hafa sagt móttakanda tékkans, að innstæðu skorti fyrir honum.

B. 26. Með tékka þessum greiddi ákærði Magnúsi Magnússyni fyrir trésmíðavinnu.

B. 27. Með tékka þessum greiddi ákærði Baldri Baldurssyni fyrir vinnu við trésmíðar.

B. 28. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir glugga, sem hann keypti hjá verksmiðju Reykdals. Hann kvaðst hafa vitað, að innstæðu skorti fyrir tékkanum, en ekki getið þess við viðtakanda tékkans.

B. 29. Með tékka þessum greiddi ákærði Goða h/f nokkurra daga gamla skuld fyrir steinsteypu. Hann kvaðst hafa beðið Harald Bjarnason, forstjóra Goða h/f, að geyma tékkann í nokkurn tíma.

B. 30. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir steinolíu.

B. 31. Ekki er vitað, hvernig ákærði notaði þennan tékka. Hann kvaðst ekki muna það. Þó er ljóst, að ákærði hefur notað hann í einhvers konar lögskiptum.

B. 32. Fyrir þennan tékka keypti ákærði sement hjá Sements-verksmiðju ríkisins.

B. 33. Með tékka þessum greiddi ákærði nokkurra vikna gamla skuld til Sandsölunnar við Elliðavog.

Ákærði skýrði svo frá við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að málum hafi verið svo háttað um alla þá tékka, sem mál þetta fjallar um, að hann hafi ýmist vitað við útgáfu þeirra og afhendingu, að innstæðu skorti fyrir þeim, en treyst því, að sér áskotnaðist fljótlega fé til að leggja inn á bankareikning sinn, eða innstæða hafi verið fyrir þeim við útgáfu, en seinna hafi hann svo gefið út innstæðulausa tékka, sem fyrr hafi verið framvísað. Hann kvaðst alltaf hafa ritað rétta dagsetningu á tékkana.

Fyrir brot þau, sem greinir í ákæruliðum B. 5, B. 8—12, B. 16—20, B. 23, B. 28, B. 30 og B. 32, verður ákærða refsað sam-

kvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og í ákæru segir.

Fyrir brot þau, sem greinir í ákæruliðum B. 1—4, B. 6, B. 7, B. 13—15, B. 21, B. 24—27 og B. 31, verður ákærða refsað samkvæmt 261. gr. almennra hegningarlaga, svo sem krafist er í ákæru.

Með brotum þeim, sem um getur í ákæruliðum A. 1, B. 22, B. 29 og B. 33, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 261. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í varakröfu ákæruvaldsins greinir.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 1. málsg. 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði hefur að nokkru bætt tjón það, sem af brotum hans hefur leitt. Hefur hann endurgreitt andvirði 28 tékka, samtals að fjárhæð kr. 146.000.97, en heildarfjárhæð tékka þeirra, sem í máli þessu greinir, er kr. 304.135.97.

Eftirtaldar bótakröfur hafa komið fram í málinu:

1. Sementsverksmiðja ríkisins kr. 35.000.00
2. Guðmundur Ingvar Ágústsson — 2.000.00

Ákærði hefur samþykkt kröfu Sementsverksmiðju ríkisins, og verður hún tekin til greina að fullu.

Guðmundur Ingvar Ágústsson gerði þá grein fyrir kröfu sinni, að ákærði hefði selt 1.000.00 króna tékkávísun í biðskýli hans við Bústaðaveg í Reykjavík. Hann kveðst síðan hafa fengið tvö ábyrgðarbréf frá Seðlabanka Íslands, þar sem hann var krafinn um endurgreiðslu tékkans, en ekki hafa orðið við þeirri kröfu. Hann kvað bótakröfu sína vera fyrir fyrirhöfn sína við að fara tvisvar niður í pósthús og einnig fyrirhöfnina við að gera kröfu hér fyrir dómi. Sannanir þykir að öllu leyti skorta um tjón Guðmundar Ingvars Ágústssonar, og er kröfu hans vísað frá dómi.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Birgis Ísleifs Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, sem ákveðast kr. 5.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sæmundur Jóhannsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði Sementsverksmiðju ríkisins kr. 35.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Birgis Ísleifs Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.